

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi
Nefndasvið
Alþingishúsinu v/Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P 127/829**
komudagur **21.2.2009**
7/829

Reykjavík, 20.02.2002

Tilv. 22.103

GÁS/gás

Visað er til erindis hæstvirkar Heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 7. þ.m., þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um geislavarnir, mál nr. 344.

Samtökin leyfa sér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Mjög æskilegt er að svipaðar reglur gildi um innflutning tækja hingað til lands. Með þessu frumvarpi er lagt til að allt aðrar reglur gildi um geislandi tæki. Má sem dæmi nefna að CE-merkingar virðast ekki teknar til greina en það eru almennt taldir gæðastaðlar á tækjum, enda sérstakar reglur sem gilda um tæki sem þannig eru merkt.

Að því er varðar þá breytingu að ef frumvarpið verður að lögum að nægilegt sé að tilkynna um innflutning geislandi tækja í stað sérstaks innflutningsleyfis áður er það framför sem samtökin geta vel stutt.

2. Samkvæmt frumvarpinu er mjög opið til hvaða tækja lögin skulu ná til, er t.d. í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins fjallað um geislun í fjarskiptum og afþreyingu. Þar sem óljóst er hvað hér er átt við er mjög áriðandi að skilgreina vel hvað fellur undir lögin. Þykir þetta nauðsynlegt í ljósi þess sem fjallað er um hér á eftir um óskilgreint eftirlit.

3. Sú tillaga sem fram kemur í frumvarpinu að lög um geislavarnir taki einnig til ójónandi geislunar hefur í för með sér mjög mikla útvíkkun á ákvæðum núgildandi laga. Mun það leiða til mun til þess að fleiri atriði falla undir lögin en nú er og leiða til mun meiri kostnaðar fyrir fyrirtæki. Sem dæmi um tæki sem þarna munu falla undir, en eru ekki háð eftirliti í dag eru: útfjólubláar perur, sólarbökkir fyrir húðsjúkdóma, hitakassar fyrir fyrirbura, lasertæki og segulómunartæki. Vegna ónákvæmra skilgreininga má einnig gera ráð fyrir að töluverð skörun verði við lög um lækningatæki og mun það hafa í för með sér réttaróvissu á þessu sviði.

4. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir mjög umfangsmiklu eftirliti af hálfu Geislavarna ríkisins. Er tekið undir að nauðsynlegt er að virkt eftirlit sé viðhaft á þessu sviði þar sem það á við. Frumvarpið gerir hins vegar ráð fyrir sjálfstöku stofnunarinnar á þessu sviði enda er eftirlitið nánast óskilgreint. Það að stofnuninni sé veittar ríkar, óskilgreindar heimildir til eftirlits og innheimtu eftirlitsgjalda í samræmi við það eftirlit sem viðhaft er getur haft í för með sér of




mikið eftirlit af hálfu stofnunarinnar og er varað við því.

5. Vegna þessa frumvarps og reynslu undanfarinna ára af útboðsstefnu ríkisins t.d. vegna kaupa á lækningatækjum þykir ástæða til að benda á nauðsyn þess að tengsl kaupanda og seljanda tækja sem falla undir gildissvið frumvarpsins verði tryggð. Skilgreina þarf ábyrgð og skyldur kaupanda og seljanda tækja sérstaklega í ljósi viðhald og ennfremur og ekki síður ábyrgð gagnvart neytendum t.d. að notandi fá þá meðferð/virkni sem tæki á að veita.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt



Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.